

Þriðjudaginn 20. desember 1966.

Nr. 4/1966.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands
matreiðslu- og framreiðslumanna vegna
Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns
Halldórs Guðmundssonar**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda
f. h. Hótel Sögu**

(Jón Magnússon hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn. Trúnaðarmanni sagt upp starfi á ólögmætan hátt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. september þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, verði dæmd ólögmæt.
2. að Hótel Sögu verði dæmt að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu verði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara hefur hann krafizt sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn hefur sakarefni verið skipt samkvæmt heimild 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað er málflytningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1961 réðst Friðbjörn Halldór Guðmundsson í þjónustu Hótel Sögu sem framreiðslumaður. Í nóvembermánuði árið 1962 ákvað stjórn Félags framreiðslumanna að nefna hann og Sævar Júlíusson til trúnaðarmannsstarfa á Hótel Sögu og tilkynnti hótelinu þá ákvörðun sína. Hótelið notaði ekki rétt sinn samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/1938 til þess að velja á milli nefndra manna og tilkynnti félagið Hótel Sögu með bréfi, dags. 28. nóvember 1962, að Friðbjörn Halldór hefði verið skipaður trúnaðarmaður þess hjá hótelinu. Jafnframt var tekið fram í nefndu bréfi, að skipun Halldórs gildi til næsta aðalfundar eða þar til öðruvísi yrði ákveðið. Skipan þessa tilkynnti félagið Friðbirni Halldóri bréflega hinn 11. des. s. á.

Skipun Halldórs og verksvið stóð óbreytt til 3. febrúar s.l., en þann dag tilkynnti Félag framreiðslumanna Hótel Sögu, með vísun til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, að félagið hafi tilnefnt þá Guðmund Tómasson og Halldór Skaftason sem trúnaðarmenn félagsins „á vinnustað yðar Grillinu“, sem er sérstakur veitingasalur í Hótel Sögu. Segir enn fremur í bréfi þessu, að hótelið geti valið milli fyrrgreindra manna, en hafi val eigi horizt fyrir 20. febrúar, telji félagið, að Hótel Saga hafi samþykkt Guðmund Tómasson sem trúnaðarmann í Grillinu. Ekki er fram komið, að Hótel Saga hafi neytt valréttar síns eða í þann mund borið fram athugasemdir út af þessari trúnaðarmannstilnefningu Guðmundar Tómassonar.

Með símskeyti 25. maí þ. á. sagði Hótel Saga Friðbirni Halldóri upp starfi hans á hótelinu frá 1. júlí næstkomandi.

Félag framreiðslumanna mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 27. maí s.l., þar sem hér væri um að ræða brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og krafðist þess, að hótelið gerði grein fyrir ástæðum uppsagnarinnar, en afturkallaði að öðrum kosti uppsögn trúnaðarmanns þess.

Í svari Hótel Sögu, dags. 3. júní s.l., segir svo:

„Uppsögnin sem slík er algjörlega óviðkomandi starfi Friðbjarnar sem trúnaðarmanns á Hótel Sögu og á 1. mgr. 11. greinar laga nr. 80 frá 1938 því alls ekki við hér, enda er hér um að ræða venjulega og í alla staði löglega uppsögn.

Skv. 10. grein samnings Sambands veitinga- og gistihúsa-eigenda frá 4. júní 1965 ber vinnuveitanda að segja upp framreiðslumanni með allt að 1 mánaðar uppsagnarfresti. Hótel Saga uppfyllti þetta skilyrði að öllu leyti.

Að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli á því, að hvorki gildandi kjarasamningur né landslög gera kröfu til að atvinnuveitandi greini frá einhverjum sérstökum ástæðum fyrir uppsögn, svo fremi að um löglegan uppsagnarfrest sé að ræða og er slíkt að sjálfsögðu gagnkvæmt að því er varðar vinnuþyggjanda.

Endurskoðun á starfsmannahaldi almennt er að fara fram um þessar mundir á Hótel Sögu og mun slík endurskoðun standa yfir fram á komandi haust, og má í þessu sambandi geta þess, að frekari starfsuppsagnir kunna að eiga sér stað, þótt slíkt þurfi ekki nauðsynlega að ná frekar til meðlima Félags framreiðslumanna.

Okkur hefur verið bent á, að skv. 9. grein laga nr. 80 frá 1938 beri vinnuveitanda aðeins skylda til að viðurkenna einn trúnaðarmann frá viðkomandi stéttarfélagi á vinnustað sínum.

Þar sem Guðmundur Tómasson framreiðslumaður er trúnaðarmaður félags yðar á Hótel Sögu, virðist réttur félags yðar ekki fyrir borð borinn, shr. 9. grein nefndra laga.

Hins vegar er Hótel Saga reiðubúin til viðræðna við félag yðar um það, hvort hafa skuli 2 trúnaðarmenn frá félagi yðar á Hótel Sögu, en í fljótu bragði sýnist ekki þörf á slíku.

Við væntum þess, að framanritaðar upplýsingar séu fullnægjandi fyrir félag yðar“.

Samkomulag náðist ekki milli aðilja um nefnda uppsögn og lét Friðbjörn Halldór af störfum á Hótel Sögu hinn 1. júlí s.l. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta með þeirri kröfugerð, sem að framan greinir.

Kröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að þar sem Friðbjörn Halldór hafi verið trúnaðarmaður félags síns,

hafi hann notið verndar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938. Telur stefnandi í fyrsta lagi, að uppsögnin hafi átt rætur sínar að rekja til starfa Friðbjörns sem trúnaðarmanns og sé hún því brot á 1. málslíð 11. gr. nefndra laga. Þessari málsástæðu til stuðnings hefur Friðbjörn Halldór skýrt svo frá fyrir dóminum, að í s.l. maímánuði hafi verið haldið Norðurlandamót í bridge á Hótel Sögu. Muni hafa verið svo um samið við hótelið, að þátttakendur mótsins fengju veitingar lægra verði en sams konar veitingar voru seldar almenningi. Friðbjörn Halldór segir, að fjórir nafngreindir starfsbræður hans hafi skýrt sér frá því, að forstöðumenn Hótel Sögu mundu ætlazt til þess, að þjónustugjald yrði miðað við hið niðursetta verð, en ekki við verð veitinga til almennings, svo sem um hafi verið samið í kjarasamningi þeirra. Því hafi framreiðslumennirnir ekki viljað una. Hafi hann (Friðbjörn Halldór) því snúið sér til aðstoðarhótelstjórans og gert þá kröfu, að þjónustugjaldið yrði miðað við almennt verð veitinga. Hafi aðstoðarhótelstjórinn haft samband í síma við hótelstjórann, Konráð Guðmundsson, og hafi hann þá haft eftir Konráði, að þjónarnir skyldu senda skrifstofunni reikninga fyrir mismuninum, en þeir fengju þá örugglega í hausinn aftur. Eigi kom þó til ágreinings út af þessu, og segir Friðbjörn Halldór, að þeir framreiðslumennirnir hafi fengið reikninga sína greidda. En í þessu sambandi skýrir Friðbjörn Halldór einnig svo frá, að á þriðja degi mótsins, er hann hafi verið á vakt ásamt Ellert Péturssyni, hafi þess verið óskað af forráðamönnum bridgemótsins, að þeir Ellert, sem þá stóðu fyrir beina í Súlnasal, færu í Áttthagasalinn til að afgreiða veitingar til spilamanna þar. En þar sem hann kveðst ekki hafa viljað fara inn á starfssvið þjónanna þar samkvæmt beiðni gesta, hafi hann neitað að verða við þessum óskum. Ellert hafi ekki heldur viljað fara. Hafi þá verið hringt á hótelstjórann, sem komið hafi á vettvang og fengið ungbjón til að fara í Áttthagasalinn. Hafi þá hótelstjórinn því næst komið til sín og spurt, hvers vegna þeir Ellert gætu ekki farið í Áttthagasalinn eins og þeir, sem á undan þeim hefðu verið. Kvaðst Friðbjörn Halldór þá hafa svarað því, að hann skipti sér ekki af því, hvað aðrir segðu,

en þá hafi hótelstjórinn látið orð falla á þá leið, að hann skyldi nota fyrsta tækifæri til að reka hann (Friðbjörn). Er því haldið fram af stefnanda, að Friðbjörn Halldór hafi í bæði þessi skipti verið að gæta hagsmuna þjónanna sem trúnaðarmaður félags þeirra. Kveður hann, að þjónar á Hótel Sögu starfi í ákveðnum sal, þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram við ráðningu þeirra, og þurfi samþykki þjónanna eða félags þeirra til þess að þeir verði fluttir milli veitingasala, hvort heldur um einstök skipti sé að ræða eða lengri tímabil.

Verði þessi málsástæða ekki talin sönnuð, heldur stefnandi því fram í öðru lagi, að uppsögnin brjóti í bága við 2. málslíð 11. greinar laga nr. 80/1938, þar sem hvorki hafi verið um að ræða þess konar breytingar á starfsmannahaldi, er réttlætt gætu, að trúnaðarmanninum væri sagt upp fyrstum manna, né heldur hafi áðrar ástæður verið fyrir hendi, er réttlætt gætu uppsögn trúnaðarmanns, er njóti ríkari verndar gegn uppsögn en aðrir starfsmenn.

Stefndi hefur ekki neitað því, að Friðbjörn Halldór hafi á sínum tíma orðið trúnaðarmaður félags síns á Hótel Sögu. Hins vegar heldur hann því fram, að eigi hafi verið gengið á rétt Félags framreiðslumanna, þótt Friðbirni Halldóri væri sagt upp, þar sem félagið hefði þá þegar fengið annan trúnaðarmann, Guðmund Tómasson, en vinnuveitanda muni eigi skylt að viðurkenna nema einn trúnaðarmann frá sama félagi á sama vinnustað, enda verði Hótel Saga í þessu efni að teljast einn og sami vinnustaður.

Þá neitar stefndi því eindregið, að uppsögn Friðbjörns Halldórs standi í tengslum við trúnaðarmannsstarf hans. Ástæðan til uppsagnarinnar hafi verið fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi. Þá hefur stefndi og borið það fram, að starfsháttum Friðbjörns Halldórs hafi verið áfátt í því, að hann hafi á starfstíma eytt löngum tíma í samtöl og ekki gætt fullrar starfsskyldu sinnar í því að vera til staðar í veitingasal til að sinna gestum, en í þess stað dvalizt um of í eldhúsi eða utan veitingasalarins. Kveðst hótelstjórinn hafa áminnt Friðbjörn Halldór oftár en einu sinni fyrir þessar sakir.

Það hefur einnig verið borið fram af hálfu stefnda, að Friðbirni Halldóri hafi ekki verið rétt að neita því, að sinna gestum í Átthagasal í áðurgreindu tilviki. Starfsskipting í veitingasölum Hótel Sögu sé að visu sú, að þjónar starfi þar í ákveðnum veitingasölum, en eigi að síður sé hóteltjóra rétt að flytja þá til í einstökum tilfellum, ef hagkvæmnis-ástæður krefjist þess, og svo hafi einmitt staðið á í áðurgreint sinn, að eigi hafi neinir þjónar verið að störfum í Átthagasalnum, því verkefni þar hafi þá verið hverfandi litil. Hafi honum því mislíkað við Friðbjörn Halldór, er hann að áliti sínu hafi neitað án gildra ástæðna að afgreiða veitingar í Átthagasalnum í umrætt sinn. Hann kveðst hins vegar ekki minnast þess, hvernig honum féllu orð úr munni. Þessar ástæður allar leiði til þess, að uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjörns Halldórs hafi verið réttmæt, enda hafi honum verið sagt upp með umsömdum uppsagnarfresti. Hafi uppsögnin því eigi á nokkurn hátt brotið í bága við ákvæði 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Af gögnum málsins verður eigi annað ráðið, en að Friðbjörn Halldór Guðmundsson hafi orðið trúnaðarmaður félags síns á Hótel Sögu síðla árs 1962 með réttindum og skyldum samkvæmt 9.—11. gr. laga nr. 80/1938, og verið enn í þeim starfa, þegar honum var sagt upp hinn 25. maí s.l. Breytir það eigi þeirri réttarstöðu hans, þótt Guðmundur Tómasson væri tilnefndur sem trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna í Grillinu, svo sem áður greinir, en það er eigi til úrlausnar í þessu máli, hvort Hótel Sögu var skylt eða óskylt að hlíta tilnefningu hans sem trúnaðarmanns þar, meðan tilnefning Friðbjörns Halldórs sem trúnaðarmanns á Hótel Sögu hafði eigi verið afturkölluð.

Hins vegar verður eigi á það fallizt, gegn eindregnum mótmælum stefnda, að næg rök hafi verið færð fram því til sönnunar, að Friðbirni Halldóri hafi verið sagt upp vegna trúnaðarmannsstarfa hans. Verður því eigi talið, að stefndi hafi með nefndri uppsögn gerzt brotlegur við ákvæði 1. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Kemur þá til álita, hvort uppsögnin hafi brotið í bága við 2. málslíð sömu greinar.

Af hálfu stefnda hefur eigi verið sýnt fram á, að gera hafi átt eða gerðar hafi verið þess konar breytingar á starfsliði Hótel Sögu, að réttmætt hafi verið af þeim ástæðum að segja Friðbirni Halldóri trúnaðarmanni stéttarfélags síns á þessum vinnustað fyrstum og einum framreiðslumanna upp starfi, en skýra verður 2. málslið 11. gr. nefndra laga á þá lund, að í honum felist regla, er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, enda þótt gætt sé lögmeðs uppsagnarfrests.

Þessi skýring á 2. málslið nefndrar greinar skýtur þó ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir að hlíta uppsögn fyrir neikvæða afstöðu til þeirra starfsreglna og þeirrar háttsemi, sem starfsmönnum er almennt skylt að fylgja.

Svo sem fram kemur af áður sögðu, gaf Hótel Saga ekki upp neinar ástæður, er Friðbirni Halldóri var sagt upp. En við flutning máls þessa komu fram þau tilvik, sem áður eru greind og stefndi telur sýna, að skort hafi á, að Friðbjörn Halldór innti starfsskyldur sínar af hendi með þeirri ástundun, sem vinnuveitanda hans var rétt að krefjast af honum.

1. Synjun Friðbjörns Halldórs að bera fram veitingar í Átthagasal.

Enda þótt sú verkaskipting virðist ráða á Hótel Sögu, að framreiðslumenn þar gangi til starfa í ákveðnum veitingasal, hefur eigi verið sýnt fram á, að ráðning Friðbjörns Halldórs hafi skýlaust verið bundin við störf í Súlnasal eingöngu, þannig að forráðamönnum Hótel Sögu hafi verið óheimilt að kveðja hann til framreiðslu í Átthagasal eins og málum var háttað, þegar Friðbjörn Halldór neitaði að inna af hendi þjónustustarf þar, enda kemur það fram af skýrslu hans, að hann átaldi það ekki sem trúnaðarmaður, þótt aðrir framreiðslumenn leystu af hendi sams konar viðvik. Eigi er þó ljóst, að hóteltjórinn hafi í þetta sinn gefið Friðbirni bein fyriræli um framreiðslu í Átthagasal, en fram er komið, eins og áður er rakið, að hóteltjórinn lét ungbjón leysa þetta starf af hendi, vegna þess að framreiðslumennirnir Friðbjörn Halldór og Ellert létu ekki að óskum um að

framkvæma nefnda þjónustu, sem telja verður að þeim hafi eins og á stóð verið skylt, ef hóteltjórinn gaf fyrirmæli um það. Það kemur og fram af aðiljaskýrslum þeirra Friðbjörns Halldórs og hóteltjórans, að sá siðarnefndi hefur látið í ljós megna óánægju út af nefndri afstöðu Friðbjörns Halldórs, en eigi kemur fram, að um beina áminningu fyrir brot á skyldustörfum hafi verið að ræða af hálfu hóteltjórans.

2. Símastöður og frávik úr veitingasal.

Friðbjörn Halldór hefur neitað þeirri staðhæfingu hóteltjórans að hann hafi eytt óhæfilegum tíma í símtöl í starfstíma sínum og að hann hafi látið undan falla öðrum fremur að gæta starfsstöðu sinnar í veitingasal vegna frávika eða óeðlilegrar dvalar í eldhúsi eða annars staðar utan veitingasalar. Hann hefur þó viðurkennt, að hóteltjóri hafi einu sinni fundið að hvorutveggja þessara atriða, en fyllri skýrslur um það, að hve miklu leyti háttsemi Friðbjörns Halldórs í þessum efnum hafi verið áfátt, eru ekki fyrir hendi.

Um 1. og 2.

Réttmætt er, að vinnuveitandi geri þá kröfu til trúnaðarmanns stéttarfélags á vinnustað, að hann gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja sjálfur réttum og eðlilegum starfsreglum á vinnustað. Verður að telja, að misbrestur í þeim efnum af hálfu trúnaðarmanns geti veitt vinnuveitanda heimild til þess að segja trúnaðarmanni upp störfum, þrátt fyrir þá sérstöku vernd gegn uppsögn, sem leiða verður af ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 trúnaðarmanni til handa. Sýnt þykir af framangreindu, að starfshættir Friðbjörns Halldórs hafa ekki verið misfellulausir. En þar sem hann var trúnaðarmaður, hefði hóteltjórinn átt, ef hann ætlaði að láta meintar misfellur varða uppsögn, að tjá Friðbirni Halldóri það skýlaust, að það gæti varðað hann uppsögn, ef eigi yrði breyting á. Slíka viðvörun eða áminningu hefur Hótel Saga eigi gefið, og verður þegar af þeirri ástæðu að telja, að framangreind uppsögn Hótel Sögu hafi brotið í bága við meginreglu 2. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 og verið ólögmet gagnvart Friðbirni Halldóri Guðmundssyni.

Með tilliti til málavaxta þykir þó refsing á hendur Hótel Sögu fyrir nefnt brot mega falla niður.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin í síðari þætti þessa máls.

Dómsorð:

1. Uppsögn Hótel Sögu 25. maí s.l. á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar var ólögmat.
 2. Stefndi, Hótel Saga, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
-

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 5/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlkna-
félagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur**
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Stjórn ríkisspítalanna
(Haukur Jónsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B.
Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um orlof og aukafrídaga.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 17. okt. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur gegn stjórn ríkisspítalanna til greiðslu launa (orlofsfjár) að upphæð kr. 6.240.00 auk vaxta frá 16. maí 1964 og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnanda kr. 4.237.20. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir: